


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
<b>Áfangaheiti ENSK2ÁÁ05S</b>		
<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>		

<b>Kennari</b>	Karen Malmquist, Guðrún Ásta Guðjónsdóttir, Iain Peter Matchett, Arnór Bliki Hallmundsson	<b>Sk.st.</b>	KMQ, GÁS, IAN, ABH
----------------	---	---------------	--------------------

#### Lýsing:

Meginmarkmið áfangans er að auka grundvallarfærni nemenda í tungumálinu og lögð sérstök áhersla á lestur og skilning. Einnig verður mikil áhersla lögð á námstækni og að nemendur tileinki sér að notast við orðabækur, sér í lagi stafrænar. Unnið er að því að rifja upp og byggja ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur hafa þegar og unnið að því að byggja upp orðaforða tengdan áhugamálum og hugsanlegum framtíðar-starfsvettvangi. Notast verður við námsefni úr almennum áföngum í VMA (ENSK2LS05, ENSK2MK05 og ENSK2RM05) eftir getu og áhuga hvers og eins og á þeim hraða er hentar hverjum og einum. Einnig verða notaðar valdar skáldsögur af bókasafni skólans.

#### Þekkingarviðmið:

##### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu undirstöðuatriðum í enskri málfræði
- þverfaglegum orðaforða til hagnýtra nota
- almennum rauntextum og einföldum bókmenntaverkum
- helstu menningarsvæðum þar sem enska er fyrsta mál

#### Leikniviðmið:


##### Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- byggja upp og bæta orðaforða sinn með ýmsum aðferðum sem hentar hverjum og einum
- beita grunnreglum enskrar málfræði í tali og ritun
- lesa fjölbreyttar gerðir texta
- að tjá sig um almenn málefni með vieigandi orðalagi, munnlega og skriflega
- hlusta eftir upplýsingum, bæði í samtali sem og útvarps- eða sjónvarpsefni
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

#### Hæfniviðmið:

##### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta orðaforða sinn á skýran og skilmerkilegan hátt í tal- og ritmáli
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í tal- og ritmáli
- taka þátt í umræðum

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Áfangaheiti ENSK2ÁÁ05S</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

- sýna frumkvæði, sjálfstæði í upplýsingaöflun, úrvinnslu upplýsinga og uppsetningu verkefna sem tengjast áhugasviði

#### Námsmat:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

#### Áætlun um yfirferð:

Farið verður yfir námsefnið á hraða sem hentar hverjum og einum nemanda.

#### Námsgögn:


Nemendur þurfa að kaupa bækur á skrifstofu skólans og láta kennarar nemendur vita hvaða bók þeir þurfa að kaupa. Einnig fá þeir í hendur lesefni sem kennarar velja og nemendur vinna svo verkefni úr.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lestrar þáttur	Bókmenntaverk sem kennari velur, fjölvalsspurningar (15%). Stuttir textar tengdir menningaratburðum í hinum enskumælandi heimi (2x5%)	15%	10%
Ritunar þáttur	2 ritunarverkefni verða gerð yfir önnina.	2x5%	
Munnlegur þáttur	Stutt frásögn nemanda af einhverju sem hann hefur áhuga á.	5%	
Hlustunar þáttur	Hlustað á texta og verkefni unnin upp úr þeim.	2x5%	
Próf þáttur	Könnun úr námsheftum nemenda.	15%	
Þema	Þemaverkefni 10% og portfolio 10%	20%	
Hlustunar-, áhorfs- og ritunar þáttur	Horft á valið sjónvarpsefni og nemendur vinna verkefni úr þeim, 10% og 5%)	15%	
<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>	

**Annað:** Hver og einn nemandi sem vinnur með sama efni og gert er í áföngum á öðrum brautum, vinnur á sínum hraða og skv eigin getu.

Dagsetning: 19. ágúst 2019

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils